

Samningur um umsjón Sumarviðburðasjóðs Ísafjarðarhafna

1. gr. Samningsaðilar og markmið

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, og Vestfjarðastofa ses., kt. 580518-1170, gera með sér svofelldan þjónustusamning um umsjón Sumarviðburðasjóðs Ísafjarðarhafna.

2. gr. Skyldur Vestfjarðastofu

Vestfjarðastofa tekur að sér umsjón með Sumarviðburðasjóði Ísafjarðarhafna. Umsjón sjóðsins fellst m.a. í auglýsingu umsókna um styrki í sjóðinn að vori, móttöku og skráningu umsókna, vinnslu mála fyrir úthlutunarnefnd sjóðsins, meðferð samninga og samskipti við umsækjendur og/eða málsaðila, útgreiðslu styrkja, móttöku greinargerða og gagna styrkþega í lok tímabils, og innheimtu styrkja sem krefjast endurgreiðslu, auk könnunar að hausti meðal styrkþega og íbúa um verkefnið.

Skulu kannanir að hausti vera gerðar í samráði við Ísafjarðarbæ.

3. gr. Skyldur Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær skal greiða Vestfjarðastofu í þjónustugjöld kr. 500.000 vegna samnings þessa.

Að auki skal Ísafjarðarbær endurgreiða Vestfjarðastofu útlagðar greiðslur til styrkþega hafi Vestfjarðastofa greitt styrkþegum samþykktan styrk.

Greiðslur eru inntar af hendi gegn útgáfu rafræns reiknings Vestfjarðastofu. Reikningur skal berast að lámarki tveimur vikum fyrir greiðsludag, merktur „Sumarviðburðasjóður Ísafjarðarhafna“.

4. gr. Samskipti

Allar breytingar og viðaukar sem gerðir eru við þennan samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af báðum samningsaðilum.

Allar orðsendingar, tilkynningar og kvartanir, vegna samnings þessa skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

Tengiliður Ísafjarðarbæjar við Vestfjarðastofu er **Arna Lára Jónsdóttir/Hilmar Lyngmo/Heimir Hansson**. Tengiliður Vestfjarðastofu skal vera Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri.

5. gr. Samningstími

Samningur þessi gildir sumarið 2024, og er óuppsegjanlegur.

6. gr. Önnur ákvæði

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Ísafjörður, 27. júní 2024

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Vestfjarðastofu

Arna Lára Jónsdóttir

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir

Bæjarstjóri

framkvæmdastjóri